



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á hátíðarsamkomu  
vegna útgáfu bókar um sögu stéttarfélagsins Einingar-Iðju  
Akureyri  
10. febrúar 2018**

Formaður Einingar-Iðju,  
félagsfólk, sagnaritari og ritstjórn,  
aðrir góðir gestir

Til starfs og stórra sigra,  
vér stóðum aldrei hálf.  
Vér eigum vit og vilja  
að vera ráðsmenn sjálf,  
um öll vor mál, og Ísland  
skal aftur frjálst og ríkt.  
Því allt vort starf skal unnið.  
Því allt vort líf skal vígt.

Góðir áheyrendur! Með þessum orðum hefst hið mikla rit sem við fögnum hér í dag – og mér hlotnaðist sá heiður áðan að veita viðtöku. „Til starfs og stórra sigra“ heitir verkið, orðin sótt í kvæði Kristjáns frá Djúpalæk, samið í tilefni 20 ára afmælis Iðju. Fyrst var það flutt í hófi félagsins í Alpýðuhúsinu í febrúar 1956, fyrir rúmum sextíu árum.

Kvæðið ber samtíma sínum glöggt merki. Kalda stríðið er þá í algleymingi, tekist er á um dvöl Bandaríkjahers á Íslandi. Nú er herinn horfinn á braut og lokið er því kalda stríði sem við þekktum. Annað stendur óhaggað, ekki síst nauðsyn þess að launþegar bindist samtökum og eflist þannig í viðræðum og samningum um kaup og kjör – og í átökum þegar í nauðir rekur. Einnig stendur óhögguguð sú þörf okkar að þekkja söguna, halda henni til haga, draga af henni lærdóma.

Því er þetta rit mikið fagnaðarefni. Í formálsorðum þess leyfði ég mér að hverfa um stund í heim sagnfræðinnar, það umhverfi sem ég

heillaðist af á sínum tíma og leið svo vel í. Í formálsorðunum er því fagnað hve ötull höfundurinn var – með öllu sínu aðstoðarliði – að leita uppi liðna tíð, víða að sér skjölum, bréfum og öðrum rituðum heimildum, ljósmyndum og frásögnum. „Samt sem áður tekst okkur aldrei að fanga til fulls liðna tíð,“ segir svo áfram: „Seinni tíma frásagnir verða aðeins leiftur þess sem er horfið og kemur aldrei aftur.“

Þessar frásagnir segja þó auðvitað sína sögu, vitnisburður um afrek og átök. Fyrst er það upphafið, stofnun verkamannafélaga, þá er fræjum sáð. Síðan kom fyrri heimsstyrjöldin, „Stríðið sem breytti samfélaginu“ svo að vitnað sé í kaflaheiti um þau örlagaár. „Skortsins glímütök“ taka við, og „Blessað sé rússneska vorið“, kafla um kreppuárin og fjórða áratuginn allan – langlengsti kafla verksins og skyldi engan undra. Hér er fjallað um bardagaskeið, atburði og uppgjör sem þekkt eru í verkalýðs- og stjórnmalasögu landsins, einkum Krossanesverkfallið og Novudeiluna.

Áfram er sagan rakin, árin eftir stríð með samningum og verkföllum, sameiningu og auknum umsvifum stéttarfélaganna. Á vissan hátt er svo táknrætt að undir lok síðustu aldar var önnur Krossanesdeila, en viðaminni og fær að sjálfsgöðu ekki eins mikinn sess í sögunni og bardagi kreppuáranna. Allt þarf að setja í samhengi, fá sitt tilhlýðilega vægi.

Og í aldarlok varð samruninn mikli. Vorið 1999 tók höndum saman félagsfólk Verkalýðsfélagsins Einingar og Iðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri. Til varð nýr vettvangur, Eining-Iðja, fyrsti formaðurinn kjörinn Björn Snæbjörnsson, og gegnir hann þeim starfa enn.

Í sínum formálsorðum minnir Björn á hin bágu kjör verkafólks þegar það tók höndum saman, stofnaði félög og hóf sína stéttabaráttu. „Svo margir og stórir sigrar hafa unnist á liðnum hundrað árum að nær ógerlegt er að telja þá upp,“ segir Björn og bendir jafnframt á sterka stöðu Einingar-Iðju nú um stundir. Já, þið eigið öflug samtök með rætur í alls 22 stéttarfélagum, allt frá Siglufirði til Grenivíkur. Félagfólk getur leitað í sjúkra- og menntasjóði, notið orlofshúsa nær og fjær. Á skrifstofum vinnur einvalalið, svæðisfulltrúar og trúnaðarmenn gæta hagsmuna, lögfræðingar eru til taks – og nú er búið að gera sögunni glæsileg skil. Er þá ekki allt í himnalangi?

„Þótt margt hafi áunnist í baráttu verkafólks fyrir bættum kjörum,“ segir Björn formaður áfram í formála sínum, „er ennþá margt óunnið. Jafna þarf lífskjörin í landinu og minnka mun hæstu og lægstu launa. Við megum því alls ekki sofna á verðinum og höldum baráttunni ótrauð áfram.“

Góðir áheyrendur: Við upphaf máls míns vitnaði ég í hvatningaróð Kristjáns frá Djúpalæk frá miðri síðustu síðustu öld, nefndi að hann bæri

sterkan keim af þeim tíma. Nú er öldin önnur. Nú eru kvæði sjaldan ort við tímamót og reyndar erfitt að benda á brag eða söng um stéttabaráttu frá síðustu árum.

Síðustu vikur og mánuði hefur verið fróðlegt að fylgjast með fréttum og umræðum á samfélagsmiðlum um stöðu og framtíð verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. Eins fróðlegt verður að sjá hver framvindan verður á þeim vettvangi. Og ekki verður síður fróðlegt að sjá hvort þau rætast, yfirlýst áform þeirrar ríkisstjórnar sem tók við völdum í landinu seint á síðasta ári. Í stjórnarsáttmála segir að hún muni „beita sér fyrir samstilltu átaki með aðilum vinnumarkaðarins til að tryggja að kjarasamningar skili launafólki og samfélaginu raunverulegum ávinningi“.

En góðir áheyrendur, nú er mál að linni, hugurinn farinn að reika til hinnar óræðu framtíðar, með öllum hennar áskorunum, tækifærum og viðfangsefnum. Í dag skulum við njóta hátíðarstundar. Ég ítreka þakkar mínar og heillaóskir til allra sem komu að hinu góða verki „Til starfs og stórra sigra“. Megi ykkur öllum farnast vel á lífsins leið.